

4. gr.

Skólastjóri og kennarar Eiðaskóla ákveða hverjum skuli veitt úr sjóðnum. 26. febr. 33
Lágmarksstyrkur til hvers styrkþega skal vera kr. 500.00.

5. gr.

Árlega skal leggja minnst $\frac{1}{5}$ ársvaxta við höfuðstólinn, svo og gjafir, er sjóðnum kunna að berast.

6. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands eða öðrum jafntryggum stað. — Reikningshald sjóðsins annast skólastjóri Eiðaskóla og skulu reikningar hans birtir í skólaskýrslu Eiðaskóla.

7. gr.

Verði Eiðaskóli lagður niður, afhendist sjóðurinn hreppsnefnd Tunguhrepps, sem ráðstafar honum í anda þessarar skipulagsskrár.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Framanritaða skipulagsskrá höfum vér undirritaðir samið samkvæmt fyrir-
mælum í erfðaskrá Helga Ólafssonar, Hræreklæk.

P. t. Rangá, 2. október 1951.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Björn Hallsson.

Þórarinn Þórarinsson.

REGLUGERÐ

um íslenzkar getraunir.

34

26. febr.

1. gr.

Menntamálaráðuneytið veitir Íþróttanefnd ríkisins heimild til þess að reka getraunastarfsemi (veðmálastarfsemi) til ágóða fyrir íþróttasjóð í sambandi við íþróttakappleiki og veitist leyfið til 3 ára í senn og framlengist um sama árábil, ef leyfissvipting er eigi tilkynnt a. m. k. sex mánuðum fyrr en leyfistímabili lýkur.

2. gr.

Íþróttanefnd ríkisins felur stofnun, sem nefnist Íslenzkar getraunir, rekstur getraunastarfseminnar, og ber íþróttasjóður fjárhagslega ábyrgð á rekstri stofnunarinnar.

3. gr.

Í stjórn Íslenzkra getrauna skulu vera þrír menn og jafnmargir til vara, skipaðir af menntamálaráðuneytinu til 3 ára í senn, formaður að fengnum tillögum íþróttanefndar ríkisins, annar samkv. tilnefningu sambandsráðs Í.S.Í. og hinn þriðji eftir tilnefningu stjórnar U.M.F.Í.

Íþróttanefnd ákveður starfssvið stjórnarinnar og gerir tillögur til menntamálaráðuneytisins um þóknun hennar.

Íþróttanefnd ríkisins ræður framkvæmdarstjóra og gerir tillögur til ráðuneytisins um laun hans og önnur starfskjör.

- 34** Stjórn Íslenzkra getrauna ákveður fjölda starfsfólks og launakjör að fengnu
26. febr. samþykki ráðuneytisins, en framkvæmdarstjóri ræður það í samráði við stjórnina.
Framkvæmdastjóri situr stjórnarfundi án atkvæðisréttar.

4. gr.

Helmingi andvirðis seldra getraunaseðla skal ávallt varið til vinninga.
Íþróttanefnd ríkisins getur að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins lækk-
að þennan hundraðshluta.

Pegar greiddir hafa verið vinningar og allur rekstrarkostnaður Íslenzkra get-
rauna, rennur afgangurinn í íþróttasjóð að frádregnum 3% þeirrar fjárhæðar, er
rennur í varasjóð stofnunarinnar.

Varasjóður lýtur stjórn Íslenzkra getrauna.

5. gr.

Reikninga Íslenzkra getrauna og skýrslu um starfsemi þeirra skal árlega senda
menntamálaráðuneytinu fyrir 1. apríl.

Reikningarnir skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

6. gr.

Stjórn Íslenzkra getrauna ræður umboðsmenn og gerir við þá samning.
Sala getraunaseðla fer einungis fram hjá umboðsmönnum Íslenzkra getrauna.
Stjórnin getur hvenær sem er svipt umboðsmann rétti til að selja getraunaseðla.

7. gr.

Getraunin miðar að því að geta rétt til um úrslit í sem flestum íþróttakapp-
leikjum, sem eru á getraunaseðli vikunnar.

Í tilgátu um úrslit leiks skal kveða á um sigur annars hvors eða jafntefli þeirra.

8. gr.

Getraunin er því aðeins gild, að notaður sé prentaður getraunaseðill, sem gefinn
er út af Íslenzkum getraunum og gildir fyrir hlutaðeigandi getraunaviku.

Seðillinn skiptist í hluta 1, hluta 2 og stofn. Hluti 1 er sá hluti getraunaseðils-
ins, sem sker úr um, hvers getið er, sé ekki eins getið á öllum hlutum. Hluti 2 er
vinnuseðill stofnunarinnar. Stofninn er viðurkenning um, að seðillinn sé greiddur.

Á seðilinn er prentað númer vikunnar og dagsetning kappleikjanna (keppn-
isdagur). Seðlarnir eru tölusettir í óslitinni töluröð.

Vinstra megin á seðilinn eru prentaðir 12 íþróttakappleikir, en hægra megin
eru 8 tölusettir dálkar, og er hverjum skipt í 3 reiti.

9. gr.

Við getraunina eru notuð merkin 1, X og 2.

Þau eru notuð eins og hér segir: Sigur þess félags, sem fyrr er nefnt, skal
merkja með því að skrifa töluna 1 í þann reit, sem hefur yfirskriftina 1, jafntefli
skal merkja með því að setja X í þann reit, sem hefur yfirskriftina X, og sigur þess
félags, sem síðar er nefnt, skal merkja með því að skrifa töluna 2 í þann reit, sem
hefur yfirskriftina 2.

Alla hluta seðilsins skal fylla eins út.

Seðilinn skal útfylla greinilega og skal hann vera heill og vel með farinn.

Ef hluti 1 er öðruvísi skráður en hluti 2, skal efni hluta 1 ráða, sbr. 20. gr.
3. mgr.

10. gr.

34

Útfylltir seðlar skulu vera komnir í hendur umboðsmönnum Íslenzkra getrauna utan Reykjavíkur í síðasta lagi kl. 18 miðvikudaginn fyrir keppnisdag, en í Reykjavík og nágrenni kl. 18 fimmtudaginn fyrir keppnisdag.

Stytta má þó þennan frest, ef nauðsyn krefur. Afhendingarfrestur skal auglýstur hjá umboðsmönnum.

Seðilhlutana 1 og 2 og stofninn skal afhenda í einu lagi.

Allir seðlar, sem koma eiga til greina við getraunina, skulu stimplaðir í öryggiskassa Íslenzkra getrauna. Þó má stjórn Íslenzkra getrauna veita undanþágu frá þessu.

Þegar greitt hefur verið fyrir seðil og seðillinn stimplaður, eru hluti 1 og 2 eign Íslenzkra getrauna. Eftir það er óheimilt að breyta merkjum á seðlinum.

Umboðsmaður getur ógilt seðil. Því aðeins má ógilda seðil, að umboðsmanni sé afhentur stofn hans gegn endurgreiðslu. Við getraun gilda einungis þeir seðlar, sem berast aðalskrifstofu Íslenzkra getrauna í Reykjavík, áður en nokkur leikjanna á seðlinum hefist.

11. gr.

„Röð“ er það kallað, þegar aðeins eitt merki er sett í einn af reitunum við hvern af kappleikjunum í sama dálki.

„Kerfi“ er það kallað, þegar fleiri en eitt merki er í reitum sama dálks, við einn eða fleiri af kappleikjunum. Raðseðill er seðill með 1—8 röðum.

Kerfisseðill er seðill með kerfi, sem í eru 2—48 raðir. Fjöldi raða í kerfi fæst með því að margfalda saman tvímerkta leiki eða þrímerkta, en það margfeldi má hæst vera 48.

Seðil má einungis fylla út sem raðseðil eða kerfisseðil. Á kerfisseðli má ekki vera nema eitt kerfi. Í kerfi mega ekki vera fleiri en 48 raðir.

Kerfisseðil skal auðkenna með því að skrifa á hann orðið „kerfi“ og tölufjölda raða, sem í kerfinu eru.

Allar raðir á getraunaseðli eru jafnrétt háar til vinnings.

12. gr.

Eftirfarandi seðlar eru ógildir og teljast ekki með í getrauninni:

1. a. Kerfisseðlar með fleiri en 48 röðum.
- b. Seðlar, sem á eru bæði raðir og kerfi.
- c. Seðlar með kerfi í fleiri en einum dálki.
- d. Seðlar, sem berast til aðalskrifstofunnar án hluta 1.
- e. Seðlar, sem giltu fyrri leikvikur.
- f. Seðlar, sem eru ekki greiddir fyrir lok afhendingarfrests.
- g. Seðlar, sem eru ekki greiddir að fullu.
2. Íslenzkar getraunir geta neitað að taka eftirfarandi seðla gilda:
 - a. Seðla, sem eru ógreinilega eða ólæsilega fylltir út.
 - b. Kerfisseðla, sem er ekki skrifað á orðið „kerfi“ og fjöldi raða.
 - c. Aðra seðla, sem eru ekki fylltir út samkvæmt reglunum.

13. gr.

Þótt greitt sé fyrir of margar raðir, gildir seðillinn í getrauninni með þeim röðum, sem getið er. Mismunurinn skal endurgreiddur.

Sé getraunamerki sett í rangan reit, sker reiturinn úr um það, hvers getið er, en ekki merkið.

Kappleikir, sem einskis er getið til um, eru ekki taldir með við útreikning á fjölda þeirra leikja í röðinni, sem rétt er getið til um.

Glatist seðill, sem afhentur hefur verið umboðsmanni Íslenzkra getrauna, eða berist hann til aðalskrifstofu þeirra eftir að einhver leikjanna er hafinn, á sá, sem

34 getið hefur, einungs rétt á að fá gjald sitt endurgreitt. Greiðsluna skal þegar svo 26. febr. ber undir, sanna með stimpluðum stofni.

Íslenzkar getraunir bera ekki ábyrgð á því tjóni, sem umboðsmaður kann að valda þátttakanda með tófum, með rangri meðferð á seðlunum, með því að reikna skakkt getraunagjaldið, eða á annan hátt.

14. gr.

Fari ekki einn eða fleiri kappleikir fram, sem á getraunaseðil eru skráðir, verður tala rétttra úrslita í engri röð hærrí en tala þeirra leikja, sem háðir hafa verið.

Undanskilinn er þó leikur, sem færður er fram frá laugardegi til sunnudags. Ef leikur er hafinn og honum hætt vegna óveðurs, þoku eða annarra óviðráðanlegra ástæðna, þá gildir það sem úrslit þegar leiknum er hætt.

Þótt íþróttasamtök leiðrétti úrslit leiks eftir kæru, hefur það engin áhrif á getraunina.

Sé hætt við að minnsta kosti helming kappleikja á getraunaseðlinum, ákvarðar stjórn Íslenzkra getrauna, hvort ógilda skuli getraunavíkuna. Verði getraunavíkan ógilt, skal getraunagjaldið, sem greitt hefur verið, ganga til greiðslu þátttakanda fyrir næstu getraunavíku gegn framvísun stofnsins.

15. gr.

Í byrjun hvers getraunatímabils ákveður stjórn Íslenzkra getrauna gjald fyrir hverja keypta röð, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins.

16. gr.

Heildarupphæð vinninga skiptist í 3 jafna hluta. $\frac{1}{3}$ upphæðarinnar rennur til 1. vinningsflokks og skiptist jafnt á þær raðir, sem hafa hæsta tölu rétttra úrslita.

$\frac{1}{3}$ upphæðarinnar rennur til 2. vinningsflokks og skiptist jafnt á þá, sem hafa næst hæsta tölu rétttra úrslita. $\frac{1}{3}$ upphæðarinnar rennur til 3. vinningsflokks og skiptist jafnt milli þeirra, sem hafa þriðju hæstu tölu rétttra úrslita.

Vinningar á kerfisseðla reiknast samkvæmt meðfylgjandi töflu:

Fjöldi vinninga við ágizkanir samkvæmt margföldunarkerfi, þegar 12 eða 11 ágizkanir eru réttar.

Kerfi:	12 réttar				11 réttar ef rangt er getið til um úrslit eins leiks á einn veg eða hætt við einn leik			11 réttar ef rangt er getið til um úrslit eins leiks á tvo vegu eða hætt við slíkan leik			11 réttar ef hætt er við leik, sem getið er til um á þrjá vegu		
	Fjöldi raða með 12	11	10	réttar	Fjöldi raða með 11	10	9 réttar	Fjöldi raða með 11	10	9 réttar	Fjöldi raða með 11	10	9 réttar
2 raðir	1	1	—	—	1	1	—	2	—	—	—	—	—
3 —	1	2	—	—	1	2	—	—	—	—	3	—	—
4 —	1	2	1	—	1	2	1	2	2	—	—	—	—
6 —	1	3	2	—	1	3	2	2	4	—	3	3	—
8 —	1	3	3	—	1	3	3	2	4	2	—	—	—
9 —	1	4	4	—	1	4	4	—	—	—	3	6	—
12 —	1	4	5	—	1	4	5	2	6	4	3	6	3
16 —	1	4	6	—	1	4	6	2	6	6	—	—	—
18 —	1	5	8	—	1	5	8	2	8	8	3	9	6
24 —	1	5	9	—	1	5	9	2	8	10	3	9	9
27 —	1	6	12	—	1	6	12	—	—	—	3	12	12
32 —	1	5	10	—	1	5	10	2	8	12	—	—	—
36 —	1	6	13	—	1	6	13	2	10	16	3	12	15
48 —	1	6	14	—	1	6	14	2	10	18	3	12	18

o. s. frv.

Frá skiptireglunum, sem nefndar eru hér að framan, er vikið eins og hér greinir: **34**

Allir vinningshlutar lækka þannig, að standi á heilum krónum. Mismunurinn **26. febr.** rennur í jöfnunarsjóð Íslenzkra getrauna. Hafi sjóðurinn náð hámarki sínu, samkvæmt 17. gr., skal hækka vinninga 3. flokks upp í heilar krónur. Mismunurinn greiðist úr jöfnunarsjóði.

Vinningar, sem nema minna en 10.00 kr., eru ekki greiddir.

Ef hver einstakur vinningur í 3. flokki nemur minna en 10.00 kr., getur stjórnin ákveðið, að vinningaupphæðin í þessum flokki flytjist í 2. vinningsflokk.

Ef hver einstakur vinningur í 2. vinningsflokki nemur minna en 10.00 kr., getur stjórnin ákveðið, að vinningaupphæð beggja flokkanna flytjist í 1. vinningsflokk.

17. gr.

Jöfnunarsjóður Íslenzkra getrauna má ekki nema meira en kr. 100 000.00. Fé úr sjóðnum skal varið til uppbóta á vinninga eftir ákvörðun stjórnarinnar.

18. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar eftirlitsmann til 3 ára í senn, sem gæta skal hagsmuna þátttakenda. Ráðuneytið ákveður þóknun fyrir starfanna, er telst með rekstrar-kostnaði starfsmannar. Starfssvið eftirlitsmannsins er:

1. að koma hluta 1 af getraunaseðlinum fyrir í læstri hirzlu;
2. að staðfesta vinningaskrá getraunavikunnar;
3. að úrskurða kærur, sem berast;
4. að hafa eftirlit með, að vinningar séu greiddir.

19. gr.

Íslenzkar getraunir gefa út vinningaskrá, staðfesta af eftirlitsmanninum. Í vinningaskránni eru númer þeirra getraunaseðla, sem á eru vinningsraðir. Skráin skal vera almenningi til sýnis hjá umboðsmönnum Íslenzkra getrauna og í aðalskrifstofu þeirra

Heildarupphæð vinninga breytist ekki frá því, sem birt er í skránni, en einstakir vinningshlutar geta lækkað við það, að kærur séu teknar til greina.

Getraunaseðilsnúmer á vinningaskrá veitir ekki rétt til vinningsgreiðslu.

20. gr.

Telji þátttakandi, að getraunaseðilsnúmer hans sé ekki birt á vinningaskrá eða að seðill hans eigi rétt til annars eða fleiri vinninga en á vinningaskrá er getið, verður hann sjálfur að leggja fram kæru til að fá leiðréttingu. Kæran skal vera skrifleg á þar til gerðu eyðublaði.

Eyðublöð fást hjá umboðsmönnum eða í aðalskrifstofu Íslenzkra getrauna. Kærur skal senda beint til aðalskrifstofunnar í Reykjavík í ábyrgðarbréfi, og skal það hafa horizt þangað fyrir kl. 12 á 21. degi frá dagsetningu vinningaskrárinnar. Kærufrests skal ætíð getið í vinningaskrá. Kærur, sem berast of seint, eða veita ekki allar nauðsynlegar upplýsingar til kærurúrskurðar, er ekki skylt að taka til greina.

Eftirlitsmaðurinn kveður upp fullnaðarúrskurð um kærur. Til grundvallar úrskurði skal leggja það, sem skráð er á seðilshluta 1. Íslenzkar getraunir tilkynna kæranda, ef kæra hans er ekki tekin til greina.

21. gr.

Að kærufresti liðnum skulu vinningar getraunavikunnar greiddir. Utan Reykjavíkur annast umboðsmenn stofnunarinnar greiðslu vinninga gegn framvísun stofns getraunaseðilsins, en í Reykjavík skrifstofa Íslenzkra getrauna. Þátttakendur

34 sem erlendis búa, eru háðir gjaldeyrisákvæðum þeim, sem í gildi eru á hverjum 26. febr. tíma, og skulu þeim sem öðrum greiddir vinningar í íslensku fé.

22. gr.

Fái vinnandi ekki vinning sinn greiddan, skal hann tilkynna það Íslenskum getraunum. Tilkynningin skal berast aðalskrifstofunni innan 3 — þriggja — mánaða frá því að vinningaskrá er birt, ella rennur upphæðin í jöfnunarsjóð Íslenskra getrauna.

23. gr.

Verði getraunastarfsemi á vegum íþróttanefndar ríkisins hætt, skulu eignir Íslenskra getrauna eða andvirði eignanna renna til íþróttasjóðs.

24. gr.

Án leyfis menntamálaráðuneytisins er öllum öðrum en íþróttanefnd ríkisins óheimilt að reka getraunastarfsemi. Brot á því varðar sektum, 1500—9000 krónum, er renna í íþróttasjóð.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 84/1940, um tekjuöflun til íþróttasjóðs, öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 26. febrúar 1952.

Björn Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

35

26. febr.

GJALDSKRÁ OG REGLUR

um breyting á gjaldskrá og reglum fyrir landssímann frá 23. nóvember 1951.

1. gr.

Fyrirsögn I. kafla gjaldskrárinnar breytist og verður:

Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í kaupstöðum, kaптúnunum, þorpum og hverfum, öðrum en Reykjavík, Hafnarfirði og Akureyri.

2. gr.

Á eftir 8. lið III. kafla kemur nýr liður, nr. 9, svo hljóðandi:

9. Undir ákvæði þessa kafla gjaldskrárinnar falla símar bænda í sveitum almennt, nema þeirra, sem búa í hverfum, þorpum eða kaптúnunum eða í nágrenni þeirra og hafa síma á sérstakri línu eða fáir saman á línu, en um síma þeirra fer eftir ákvæðum I. eða II. kafla eftir því, sem við á, allt samkvæmt ákvörðun pósti- og símamálastjórnarinnar. Þannig greiðist afnotagjald fyrir síma í sumarbústöðum, veiðiskálum, íþróttaskálum, héraðsskólum, gisti- og veitingastöðum, hjá iðnrekendum, atvinnurekendum eða verzlunum o. s. frv. samkvæmt I. eða II. kafla, en ekki samkvæmt þessum kafla, og það enda þótt þeir séu á sameiginlengri línu með sveitabæjum. Um síma hjá öðrum aðilum eða stofnunum í sveit, eða þar sem sérstaklega stendur á, fer í hvert skipti eftir ákvörðun pósti- og símamálastjórnarinnar eða eftir samkomulagi.